

Miðvikudaginn 15. desember 1965.

Nr. 189/1965. Þorvaldur Lúðvíksson (sjálfur)

gegn

Magnúsi Helgasyni og Oddrúnu Sigurðardóttur (enginn).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 4. nóvember 1965. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að stefndu verði dæmt að greiða in solidum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu hefur enginn komið fyrir dóm, enda þótt þeim hafi verið löglega stefnt. Hefur málið verið flutt skriflega samkvæmt 2. málsg. 47. gr. laga nr. 57/1962 og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Með því að engir gallar eru á hinn áfrýjuðu dómsathöfn, ber að taka kröfu áfrýjanda um staðfestingu hennar til greina.

Stefndu höfðu áfrýjað dóminum af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína. Hafði áfrýjandi því ástæðu til að bera hina áfrýjuðu dómsathöfn undir Hæstarétt. Er því rétt að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Stefndu, Magnús Helgason og Oddrún Sigurðardóttir, greiði in solidum áfrýjanda, Þorvaldi Lúðvíkssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. september 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 28. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 16. þ. m., af Þorvaldi Lúðvíkssyni hæstaréttarlögmanni, Tjarnargötu 14, Reykjavík, gegn Magnúsi Helgasyni, Mávahlið 19, Reykjavík, og Oddrúnu Sigurðardóttur, Miklubraut 50, Reykjavík, til greiðslu víxils, að fjárhæð krónur 137.000.00, útgefins 12. júní 1965 af M. Helgasyni f. h. stefnda Oddrúnar og samþykkt af stefnda Magnúsi til greiðslu í Verzlunarbbankanum, hér í bæ, 12.8. 1965, en á víxli þessum, sem var afsagður sökum greiðslufalls 14.8. 1965, er stefndi Oddrún ábekingur.

Hefur stefnandi krafist þess, að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða fjárhæð víxilsins, kr. 137.000.00, með 1% mánaðarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 12.8. 1965 til greiðsludags, kr. 479.00 í stimpil-, banka- og afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa látið sækja þing, en engum andmælum hreyft gegn dómkröfunum. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem stefnandi hefur lagt fram frumrit víxilsins með eyðuframsali til sín svo og afsagnargerð, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 16.000.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Magnús Helgason og Oddrún Sigurðardóttir, greiði, báðir fyrir annan og annar fyrir báða, stefnanda, Þorvaldi Lúðvíkssyni, kr. 137.000.00 með 1% mánaðarvöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 12.8. 1965 til greiðsludags, kr. 479.00 í stimpil-, banka- og afsagnarkostnað og kr. 16.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
